

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 20

32. árgangur

3.4.2025

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
2025/EES/20/01	Dómur dómstólsins 12. desember 2024 í máli E-16/23 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi	1
2025/EES/20/02	Dómur dómstólsins frá 12. desember 2024 í máli E-8/24 – Nordsjø Fjordbruk AS gegn norska ríkinu, í fyrirvari er viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið (Nærings- og fiskeridepartementet)	2
2025/EES/20/03	Dómur dómstólsins frá 12. desember 2024 í máli E-15/24 – A gegn B	3
2025/EES/20/04	Dómur dómstólsins 20. desember 2024 í máli E-13/23 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi	4
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/20/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11648 – APG REP/ PIMCO PRE/OMGH JV)	5
2025/EES/20/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11807 – UNITED GROUP/ MOTOR OIL (HELLAS)/ALPHA SATELLITE TV)	6
2025/EES/20/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11817 – METINVEST/IB/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2025/EES/20/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11828 – BNPP/AXA IM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2025/EES/20/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11889 – AMCOR/BERRY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2025/EES/20/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11929 – MET/MEGA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2025/EES/20/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11933 – PAI PARTNERS/MOTEL ONE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2025/EES/20/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11955 – APAX PARTNERS/NORVA24 GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2025/EES/20/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11962 – ACTIS/EDF/BHARAT GRID) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2025/EES/20/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11843 – ARES/MACQUARIE/DATA REALTY GROUP/PRIME DATA CENTERS)	14
2025/EES/20/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11856 – EPH/SE)	14
2025/EES/20/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11859 – ARROW GLOBAL/IQERA)	15
2025/EES/20/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11867 – DAIKIN/COPELAND/C-D COMPRESSION TECHNOLOGIES JV)	15
2025/EES/20/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11875 – CEMENT AUSTRALIA/BGC CEMENTITIOUS)	16
2025/EES/20/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11884 – HUNAN YUNCHU/MINMETALS NEW ENERGY/TMCI/MEIWA/JV)	16
2025/EES/20/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11888 – HIG CAPITAL/HELLER)	17
2025/EES/20/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11897 – GROHE/VKB/SURU)	17
2025/EES/20/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11898 – SONACA/GOVERA INVERSIONES/ACITURRI AERONAUTICA)	18
2025/EES/20/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11916 – ADVENT/MUBADALA/PROSPER LINK INTERNATIONAL)	18
2025/EES/20/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11919 – PURE HEALTH HOLDING/HELLENIC HEALTHCARE)	19
2025/EES/20/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11920 – ALCENTRA/PEOPLE & BABY)	19
2025/EES/20/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11921 – GOLDMAN SACHS/OTPP/OMEGA HEALTHCARE)	20
2025/EES/20/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11925 – ALAT/TKE/KSA JV)	20

2025/EES/20/28	Ríkisaðstoð – Finnland – Ríkisaðstoð SA.33846 (2015/C) (áður 2014/NN) (áður 2011/CP) – Koiviston Auto Helsinki Oy, áður Helsingin Bussiliikenne Oy – Auglýst eftir athugasemdom í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópu- sambandsins	21
2025/EES/20/29	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannþjónustukvaðir	22
2025/EES/20/30	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópu- sambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	23

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2025/EES/20/01

12. desember 2024

í máli E-16/23

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi

(Vanefndir á skuldbindingum – Tilskipun 2004/38/EB – b-liður 1. mgr. 7. gr. – Barn með ríkisfang í einu EES-riki sem er búsett í öðru EES-riki – Skilyrði fyrir fullnægjandi framfærslu – Búseturéttur ríkisborgara þriðju landa sem eru helstu umönnunaraðilar ólöggráða barna sem eru EES-ríkisborgarar – Áhrif búseturéttar)

Hinn 12. desember 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-16/23 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Noregur hafi, með því að fella ekki úr gildi c-lið 1. mgr. 112. gr. laganna um innflytjendur ásamt viðeigandi leiðbeiningum sem hafa verið túlkaðar og beitt þannig að börn sem eru ríkisborgarar EES-ríkis, sem hafa nægilegt fé til framfærslu í gegnum helstu umönnunaraðila sína, geti ekki nýtt sér rétt til dvalar í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB og verið í fylgd helstu umönnunaraðila sinna, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB, eins og þær eru túlkaðar í ljósi grundvallarréttarins til fjölskyldulífs. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

- Dómstóllinn lýsir yfir að Noregur hafi, með því að fella ekki úr gildi c-lið 1. mgr. 112. gr. laganna um innflytjendur ásamt viðeigandi leiðbeiningum sem hafa verið túlkaðar og beitt þannig að börn sem eru ríkisborgarar EES-ríkis, sem hafa nægilegt fé til framfærslu í gegnum helstu umönnunaraðila sína, geti ekki verið í fylgd helstu umönnunaraðila sinna, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.
- Kærunni er að öðru leyti vísað frá.
- Málsaðilar greiði hvor sinn málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2025/EES/20/02****frá 12. desember 2024****í máli E-8/24****Nordsjø Fjordbruk AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvari er viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið (Nærings- og fiskeridepartementet)***(Lög um dýraheilbrigði – Reglugerð (ESB) 2016/429 – 10. gr. – 181. gr. – 269. gr. – Réttur lögbærra landsyfirvalda til að banna flutning eldisfisks milli lagareldisstöðva)*

Hinn 12. desember 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-8/24, Nordsjø Fjordbruk AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvari er viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið (Nærings- og fiskeridepartementet) – BEIÐNI Hæstaréttar Noregs (*Norges Høyesterett*) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis („lög um dýraheilbrigði“). Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis („lög um dýraheilbrigði“), einkum 1. mgr. 269. gr., heimilar lögbærum yfirvöldum að samþykkja ráðstöfun eins og þá sem um ræðir í málinu, þ.e. synjun samþykkis á rekstraráætlun lagareldisstöðvar á sjó þar sem framkvæmd rekstraráætlunarinnar myndi hafa í för með sér óviðunandi áhættu á útbreiðslu sjúkdóma. Slík ráðstöfun verður þó að vera í samræmi við kröfur reglugerðarinnar að því er varðar áhættumat og áhættustjórnun og þarf því einkum að leiða af niðurstöðu sérstaks áhættumats sem er hlutlægt, óháð og gagnsætt og má ekki einungis byggjast á áætlaðri áhættu.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2025/EES/20/03****frá 12. desember 2024****í máli E-15/24****A gegn B**

*(28. gr. EES – 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB – Flutningur með barn til annars
EES-riks – Nauðsyn takmörkunar sem krefst samþykkis eða dómsúrskurðar – Sameiginleg
foreldraábyrgð – Forsjárforeldri – Hagsmunir barnsins)*

Hinn 12. desember 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-15/24, A gegn B – BEIÐNI áfrýjunardómstóls Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE og á 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann og Michael Reiertsen (framsögumaður) og hljóða dómsorð sem hér segir:

Túlka ber 28. gr. EES-samningsins og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE á þann veg að þau ákvæði útiloki ekki, í grundvallaratriðum, innlend lög og reglur sem binda rétt foreldris, sem fer með forsjá barns, en sameiginlega foreldraábyrgð, til að flytja með barnið til að dvelja og vinna í öðru EES-riki því skilyrði að forsjárforeldrið afli samþykkis foreldrisins sem ekki er forsjárforeldrið eða hefji málsmeðferð í því skyni að fá leyfi dómstóls, þar sem það skilyrði er útfært og því beitt á þann hátt að það henti til að ná því verndarstigi sem valið er til að tryggja hagsmuni barnsins og gengur ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná því markmiði.

Til að mat áfrýjunardómstólsins á hverju máli fyrir sig gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að gæta hagsmuna barnsins, verður áfrýjunardómstóllinn bæði að taka tillit til frelsis forsjárforeldris til að flytja innan EES-svæðisins og hagsmuna barnsins og getur ekki byggt á þeirri forsendu að það sé barninu ávallt fyrir bestu að búa í Noregi.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2025/EES/20/04****20. desember 2024****í máli E-13/23****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi**

(EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Tilskipun 2009/138/EB – Tilskipun 2013/36/ESB – Tilskipun 2003/41/EB – Tilskipun (ESB) 2015/2366 – Tilskipun 2009/110/EB – 31. gr. EES-samningsins – Ákvörðun um hvort kröfur séu dómtækar – Formkröfur stefnu — Samfelld framsetning á lagarökum)

Hinn 20. desember 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-13/23 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Noregur hafi, með því að fella ekki úr gildi kröfuna um leyfi til að koma á fót dótturfyrirtækjum norskra fjármálastofnana í öðrum EES-ríkjum, brotið gegn eftirfarandi ákvæðum: 14., 26., 57. og 60. gr. tilskipunar 2009/138/EB, 8., 16. og 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, 9. og 20. gr. tilskipunar 2003/41/EB, 5. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, 3. gr. tilskipunar 2009/110/EB og 31. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

- 1. Kröfunni er vísað frá.**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA er gert að greiða málskostnað.**

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/20/05

(mál M.11648 – APG REP/PIMCO PRE/OMGH JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- APG Strategic Real Estate Pool („APG REP“, Niðurlöndum), sem lýtur yfirráðum Stichting Pensioenfonds ABP („ABP“, Hollandi)
- PIMCO Prime Real Estate GmbH („PIMCO PRE“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum Allianz SE („Allianz“, Þýskalandi)
- Outlet Mall Group Holding S.à.r.l. („OMGH JV“, Lúxemborg)

APG REP og PIMCO PRE ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir OMGH JV í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- APG-fulltrúi er fjárfestingarsjóður sem leggur áherslu á fjárfestingar í fasteignum um allan heim, þar á meðal í Evrópu, Ameríkukíkjun og á Asíu-Kýrrahafssvæðinu. ABP er lífeyrissjóður fyrir opinbera starfsmenn og starfsmenn í menntakerfinu í Niðurlöndum. ABP (í gegnum Via Outlets) á Batavia útsölumiðstöðina í Lelystad í Hollandi (u.þ.b. 60 km norður af Amsterdam)
- PIMCO PRE er hluti af fasteignaverkvangi Pacific Investment Management Company, LLC, alþjóðlegs fjárfestingarstýringarfyrirtækis með starfsemi um alla Evrópu, Asíu, Ameríkukíkin, Mið-Austurlönd og Afríku. Allianz er endanlegt móðurfélag Allianz Group, alþjóðlegrar samsteypu fjármálafyrirtækja sem starfar á sviði líftrygginga, skaðatrygginga og eignastýringar.
- OMGH JV á hagsmuni í safni útsölumiðstöðva í Austurríki (Designer Outlet Parndorf), Ítalíu (Designer Outlet Castel Romano og Designer Outlet Serravalle) og Hollandi (Designer Outlet Roermond).

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 2.4.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11648 – APG REP/PIMCO PRE/OMGH JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11807 – UNITED GROUP/MOTOR OIL (HELLAS)/
ALPHA SATELLITE TV)

2025/EES/20/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- United Group B.V. („United Group“, Niðurlöndum), sem lýtur eingöngu yfirráðum BC Partners LLP (Bretlandi)
- Motor Oil (Hellas) Corinth Refineries S.A. („Motor Oil (Hellas)“, Grikklandi)
- Alpha Satellite Television S.A. („Alpha Satellite TV“, Grikklandi), sem lýtur sem stendur sameiginlegum yfirráðum Motor Oil (Hellas) og Primos Media S.à.r.l (Lúxemborg)

United Group og Motor Oil (Hellas) öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Alpha Satellite TV.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- United Group annast fjölmiðla- og fjarskiptaþjónustu í Suðaustur-Evrópu, þar á meðal í Grikklandi og á Kýpur.
- Motor Oil (Hellas) starfar einkum á sviði olíuhreinsunar. Það starfar einnig við sölu á jarðolíuvörum, svo sem bifreiða- og flugvélaeldsneyti, brennsluolíu, hitunarolíu fyrir heimili, fljótandi jarðolíugasi og lífheldsneyti.
- Alpha Satellite TV rekur sjónvarpsstöðina „ALPHA TV“ í Grikklandi, sem send er út í opinni dagskrá.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 1.4.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11807 – UNITED GROUP/MOTOR OIL (HELLAS)/ALPHA SATELLITE TV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/20/07

(mál M.11817 – METINVEST/IB/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Metinvest B.V („Metinvest“, Niðurlöndum)
- Industrielle Beteiligung S.A. („IB“, Lúxemborg), sem lýtur yfirráðum Danieli & C. Officine Meccaniche S.p.A. („Danieli“, Ítalíu)

Metinvest og IB öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Metinvest Adria S.p.A. (sameiginlega félagið, „JV“, Ítalíu)

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Metinvest og dótturfélög þess reka eignir, einkum í Úkraínu, Evrópu og Bandaríkjunum og starfa við stálframleiðslu- og verslunarkæðjuna, allt frá því að vinna járngrýti og kol til framleiðslu á hálfunnum og fullunnum stálvörum og alþjóðaviðskiptum.
- IB er dótturfyrirtæki Danieli sem er ítalskur framleiðandi á heitvalsaðri langstálvöru og veitir hágæða stálvélar, tækni og þjónustu í Evrópu og um allan heim.

3. Starfsemi hins sameiginlega félags (JV) mun leggja áherslu á framleiðslu á flötum vörum úr heitvalsuðu kolefnisstáli.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 4.4.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11817 – METINVEST/IB/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/20/08

(mál M.11828 – BNPP/AXA IM)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- BNP Paribas Cardif S.A. („BNPP Cardif“, Frakklandi), sem lýtur yfirráðum BNP Paribas S.A. („BNP Paribas“)
- AXA Investment Managers S.A. („AXA IM“) (Frakklandi), sem lýtur yfirráðum AXA S.A.

BNPP Cardif öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir AXA IM í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BNP Paribas er alþjóðleg bankasamtæða sem fæst við viðskiptabankastarfsemi, eignastýringu og þjónustu, auk fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi. Dótturfyrirtæki þess, sem er alfarið í eigu þess, BNPP Cardif hannar, þróar og markaðssetur sparnaðar- og verndarúrræði til að tryggja einstaklinga, verkefni þeirra og eignir.
- AXA IM, í gegnum dótturfyrirtæki sín, býður upp á eignastýringarþjónustu í tengslum við lausafjárfestingar, fasteignir og einkaeignir.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 2.4.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11828 – BNPP/AXA IM

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/20/09

(mál M.11889 – AMCOR/BERRY)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Amcor plc („Amcor“, Sviss)
- Berry Global Group, Inc. („Berry“, Bandaríkjunum)

Amcor öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Berry í heild.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Amcor er framleiðandi og birgir ábyrga umbúðalausna um allan heim og býður upp á breitt úrval umbúðavara fyrir matvæli, drykkjarvörur, lækningavörur, lyf, heimilisvörur, vörur fyrir persónulega umhirðu og fyrir aðrar atvinnugreinar.
 - Berry er alþjóðlegur framleiðandi og seljandi á breiðu úrvali umbúðavara, sérstaklega stífra plastlausna.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 1.4.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11889 – AMCOR/BERRY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2025/EES/20/10****(mál M.11929 – MET/MEGA)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- MET Sales and Trading Holding AG („MET Sales“, Sviss), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum Keppel Infrastructure Holdings Pte. Ltd. („Keppel Infrastructure“, Singapúr) og MET Capital Partners AG („MET Capital“, Sviss)
- Mega Group International SA („Mega“, Belgíu)

MET Sales öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Mega í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MET Sales er með fjárfestingar í orkugeiranum í Sviss og erlendis og aflar, fjármagnar og ráðstafar slíkum fjárfestingum ásamt því að taka þátt í hvers kyns starfsemi í tengslum við þær.
- Keppel Infrastructure stjórnar samstæðu fyrirtækja sem starfa á sviði orku- og umhverfisinnviða.
- MET Capital kaupir og stjórnar eignarhlutum í hvaða formi sem er í svissneskum eða erlendum aðilum, einkum í orkugeiranum.
- Mega er orkusmáðlu- og fjarskiptafyrirtæki sem sér um orkusamninga (gas og græna orku) í Belgíu og Hollandi og farsímafjarskiptaþjónustu í Belgíu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 2.4.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11929 – MET/MEGA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11933 – PAI PARTNERS/MOTEL ONE)**

2025/EES/20/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. mars 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- PAI Partners S.à.r.l. („PAI Partners“, Lúxemborg), sem endanlega lýtur yfirráðum PAI Partners SAS (Frakklandi)
- Motel One Group GmbH („Motel One“, Þýskalandi)

PAI Partners öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Motel One í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- PAI Partners er sjálfstætt fjármagnsfyrirtæki með meirihlutaeign í fyrirtækjum starfa við eftirfarandi meginatvinnu greinar: viðskiptaþjónustu, matvæli og neytendavörur, almennan iðnað og heilbrigðisþjónustu.
